

206. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 09.03. 2011 kl. 15:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, SB, JS, BÞ, FH, EK

Boðuð forföll: IG, VLF

1. Fundargerð síðasta fundar.

SP

2. Inntaka nýrra félaga

Engar fyrirbyggjandi umsóknir

3. Kjarasamningar.

Lítið að gerast, fundur var með ISAVIA í síðustu viku þar sem fram kom að flestir starfsmenn flugvallarsviðs yrðu þjálfaðir sem slökkviliðsmenn og óheimilt verði að ráða menn sem ekki uppfylla grunnskilyrði reglugerðar. Einnig rætt um aukastörf s.s. hliðvörslu og öryggisefirlit. Ekkert að gerast hjá ríkinu. Vinna í gangi með LNS um starfsmat, verið er að vinna gögn fyrir kostnaðarmat á því.

4. Úrskurður Innanríkisráðuneytisins.

Ráðning slökkviliðsstjóra Þingeyjarsveitar var dæmd ólögleg þar sem sá er ráðinn var uppfyllti ekki grunnkröfur ráðningar.

5. Sjúkraflutningar.

Ný reglugerð um sjúkraflutninga hefur verið gefin út, fagdeildin hefur komið á framfæri óánægju með setningu reglugerðar án nægjanlegs samráðs við fagaðila. Fundur var með landlækni 9.mars þar sem farið var yfir stöðu sjúkraflutninga á landinu í dag, uppsögn á samningi um sjúkraflutninga í Vestmannaeyjum og nýtt fyrirkomulag, mönnun á Langanesi, endurútgáfu vinnuferla og menntunarmál

6. Fulltrúakjör

Nýjir fulltrúar deilda hafa verið kosnir, verið að vinna í að þeir taki við. Fulltrúaráðsfundur verður haldinn 15.apríl nk.

7. Fagråd brunamálaskólans

Skipað hefur verið í nýtt fagråd og eru meðlimir þeir sömu og áður.

8. Rannsókn á nýgengi krabbameins

Á fundi sem SBB og FH sóttu í Finnlandi var birt ný rannsókn um slökkviliðsmenn og krabbamein, kynntu þeir innihald rannsóknarinnar. Samþykkt var að láta þýða rannsóknina á íslensku.

9. Önnur mál:

a) Aukning á starfshlutfalli formanns

Formaður vék af fundi við afgreiðslu málsins. Samþykkt að færa starfshlutfall formanns úr 30% í XX%

a) Eineltismál hjá ISAVIA

EK greindi frá máli sem er í gangi hjá ISAVIA vegna eineltis, LSS á ekki fulltrúa á fundi vegna þess sem slökkviliðsmönnum á Keflavíkurlflugvelli finnst óeðlilegt

Fundi slitið 17:30